

ÁRSSKÝRSLA 2005



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| Hlutverk og staða FSR..... | 3 |
| Samhæft árangursmat..... | 4 |
| Verkefni ársins 2005 | 5 |
| Forsætisráðuneyti | 5 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 5 |
| Félagsmálaráðuneyti | 6 |
| Fjármálaráðuneyti | 7 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti | 7 |
| Iðnaðarráðuneyti | 12 |
| Landbúnaðarráðuneyti..... | 12 |
| Menntamálaráðuneyti | 12 |
| Samgönguráðuneyti..... | 15 |
| Umhverfisráðuneyti..... | 15 |
| Utanríkisráðuneyti..... | 16 |
| Alþingi | 17 |
| Samstarf, innlent og erlent..... | 18 |
| Innlent samstarf | 18 |
| Alþjóðlegt samstarf | 18 |
| Rekstur og starfsfólk..... | 20 |
| Ársreikningur 2005 | |

Ársskýrsla 2005.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. September 2006.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson

Hlutverk og staða FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðuneytið. Forstjóri sér um að marka stefnu stofnunarinnar og hefur með höndum yfirstjórn, samskipti við ráðuneyti og situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir.

Forstjóri Framkvæmdasýslunnar er Óskar Valdimarsson verkfræðingur, aðstoðarforstjóri er Þráinn Sigurðsson tæknifræðingur og skrifstofustjóri er Helga Liv Óttarsdóttir viðskiptafræðingur.

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Stofnunin selur þjónustu sína innan ríkisgeirans samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir í upphafi hvers árs.

Framkvæmdasýslan fer samkvæmt lögum með yfirstjórn hins verklega þáttar framkvæmda á vegum ríkisins. Þetta á þó ekki við um framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar, Flugmálastjórnar og RARIK, en þessar stofnanir sjá sjálfar um framkvæmdir á sínum sérsviðum.

Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er að langstærstum hluta fjármögnuð með sértekjum, sem skráðar eru sem umsjónarkostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni og skiptist í veltutengda grunnþóknun og útselda tíma vegna vinnu starfsmanna.

Framlag á fjárlögum til FSR árið 2005 var 2,7 milljónir króna en sú fjárhæð er hugsuð sem endurgjald fyrir þjónustu sem FSR veitir fjármálaráðuneytinu.



Afstöðumynd bygginga Landspítala háskólasjúkrahúss við Hringbraut að lokinni samkeppni um skipulag.

Samhæft árangursmat

Aðferðafræði samhæfðs árangursmats, sem hluti gæðastjórnunar FSR, var viðhaft í fyrsta sinn í heilt ár á árinu 2005. Áhersluatriðin ("víddirnar") voru þjónusta, fjármál FSR, innra starf, starfsmenn og frumkvæði. Fyrir hverja af þessum víddum hafði fyrir árið 2005 verið gert skorkort með mælikvörðum.

Í árangurskýrslu fyrir árið 2005 komu fram niðurstöður úr árangursmælingum. Dæmi um árangur varðandi frumkvæði var að stefnt var að því að setja fram staðlaða heildarkostnaðaráætlun og það tókst. Frumkvæði í notkun upplýsingatækni bar góðan árangur, það tókst m.a. að setja á stofn og byggja upp verkefnavef FSR og að fylgja eftir reynsluverkefnum á því sviði.

| | |
|---|--|
| ▶ | E. Frumkvæði |
| ▶ | E.1. Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda |
| ▶ | Próa kröfur um tilhögun frumathugana og áætlunargerða |
| ▶ | Fjöldi funda með verkkaupa, þar sem umsagnir eru ræddar (Óskar Valdimarsson) |
| ■ | Janúar - Júní (2 Fjöldi) |
| ■ | Júlí - Desember (3 Fjöldi) |
| ▶ | Staðla framsetningu á heildarkostnaðaráætlunum |
| ▶ | Setja fram staðlaða heildarkostnaðaráætlun (Óskar Valdimarsson) |
| ■ | 2005 (1 af/á) |
| ▶ | E.2. Stuðla að þróun ráðgjafa- og verktakamarkaðar |
| ▶ | Próa mismunandi tegundir samningsforma |
| ▶ | Samræma og staðla samningstexta í samráði við Reykjavíkurborg og Fasteignir ríkissjóðs (Þráinn Sigurðsson) |
| ■ | Janúar - Mars (12 Fjöldi) |
| ■ | Apríl - Júní (0 Fjöldi) |
| ■ | Júlí - September (0 Fjöldi) |
| ■ | Október - Desember (0 Fjöldi) |
| ▶ | Próa staðlaða framsetningu á kostnaðaráætlunum |
| ▶ | Fjöldi samráðsfunda vegna stöðlunar á framsetningu kostnaðaráætlana ráðgjafa (Þráinn Sigurðsson) |
| ■ | Janúar - Júní (0 fundir) |
| ■ | Júlí - Desember (0 fundir) |
| ▶ | E.3. Stuðla að gerð og útgáfu viðmiðana |
| ▶ | Viðmið um stærð og gæði húsnæðis |
| ▶ | Fjöldi funda um gerð leiðbeininga um stærð og gæði skrifstofuhúsnæðis (Þráinn Sigurðsson) |
| ■ | Janúar - Mars (0 fundir) |
| ■ | Apríl - Júní (1 fundir) |
| ■ | Júlí - September (1 fundir) |
| ■ | Október - Desember (1 fundir) |
| ▶ | E.4. Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni |
| ▶ | Setja á stofn Verkefnavef FSR |
| ▶ | Setja af stað reynsluverkefni nr. 2 (Þráinn Sigurðsson) |
| ■ | 2005 (1 af/á) |
| ▶ | Fjöldi viðtala við þátttakendur um framgang reynsluverkefnis nr.1 (Þráinn Sigurðsson) |
| ■ | Janúar - Mars (5 Fjöldi) |
| ■ | Apríl - Júní (5 Fjöldi) |
| ■ | Júlí - September (5 Fjöldi) |
| ■ | Október - Desember (5 Fjöldi) |
| ▶ | Taka þátt í uppbyggingu á verklysingavef |
| ▶ | Fjöldi funda í stýrihóp Verklysingavefjar (Óskar Valdimarsson) |
| ■ | Janúar - Mars (1 fundir) |
| ■ | Apríl - Júní (3 fundir) |
| ■ | Júlí - September (2 fundir) |
| ■ | Október - Desember (2 fundir) |

Verkefni ársins 2005

Hér verður stiklað á stóru og rakin helstu verkefni á vegum FSR, og er eins og á fyrra ári sérstakur kafli fyrir verkefni hvers ráðuneytis sem framkvæmd voru á árinu, og eftir atvikum eru nefnd verkefni sem eru í undirbúningi.

Forsætisráðuneyti

Á árinu 2005 voru verkefni flestra ráðuneyta minni en áður, í samræmi við stefnu stjórnvalda, og á það við um forsætisráðuneytið.

Forsætisráðuneytið hefur yfirumsjón með húsakosti stjórnarráðsins og hefur stjórnarráðsreiturinn milli Skúlagötu og Lindargötu byggst upp þótt það hafi orðið hægar en áætlað var. Árið 2002 var haldin hönnunarsamkeppni en framkvæmdum við nýbyggingar var frestað.

Á árinu 2005 voru á stjórnarráðsreitnum bráðabirgðabyggingar reistar og húsnæði endurnýjað í litlum mæli.



Sölvhólgata 4, aðalskrifstofur menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðuneytið, 3. hæð

Verkefnið er hjá FSR skráð á menntamálaráðuneytið sem verkkaupa en forsætisráðuneytið greiddi það að mestu leyti. Sjá menntamálaráðuneytið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2005 fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið var ráðgjöf vegna Landhelgisgæslunnar svo og undirbúningur vegna endurnýjunar fangelsa.



Skógarhlíð 14, aðstaða Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslan, flutningur

Flutningi höfuðstöðva Landhelgisgæslunnar, frá Seljavegi 32 í Skógarhlíð 14, lauk að mestu leyti í lok janúar 2006 og vígsla fór fram 24. febrúar. Flutningur stjórnstöðvar hafði áður farið fram en hún er í Vaktstöð siglinga í Björgunarmiðstöðinni sem er í sama húsi, Skógarhlíð 14. FSR kom að framkvæmdinni með ráðgjöf og umsjón en um var að ræða einkaframkvæmd. Það eru SHS fasteignir sem eiga og reka húsnæðið en Landhelgisgæslan er leigutaki.

Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins flutningur

Flutningi Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins í nýtt húsnæði, Skógarhlíð 14, lauk á árinu 2005. Veitti FSR ráðgjöf vegna þess. Uppsetning á víðneti til gagnaflutnings var byggð á útboði Ríkiskaupa 19. maí 2005. Tæknibúnaði var komið fyrir og sett var upp víðnet fyrir tal, gögn og myndflutning milli starfsstöðva sem tengjast TMD.

Fangelsi á Hólmsheiði

Undirbúningi Fangelsis á Hólmsheiði hefur verið frestað en um er að ræða stóra fangelsisbyggingu sem hefur verið í athugun. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið lét því á árinu 2005 vinna forathugun þar sem gerðar eru heildstæðar tillögur um framkvæmdir við núverandi fangelsi til að leysa þörf á fangarými þar til fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði rís.

Fangelsi og lögreglustöð á Akureyri, endurbætur og viðbygging

Í frumathugun vegna breytinga á fangelsi og lögreglustöð á Akureyri, sem unnið var árið 2005, er gert ráð fyrir endurbótum og viðbyggingu. Ástand húsnæðisins hvað varðar fangelsið er mjög slæmt. Nær þessi 2. áfangi endurbóta hússins einkum til þess að bæta fangelsið en á fyrra ári lauk 1. áfanga þar sem lögreglustöðin var endurbætt að mestu leyti. Í 3. áfanga er gert ráð fyrir lóðarfrágangi. Heildarkostnaðaráætlun FSR vegna 2. áfanga, á stigi frumathugunar í júní 2005, var 173 m.kr.

Fangelsi Kvíabryggja, breytingar

Frumathugun vegna breytinga á fangelsinu Kvíabryggju var lokið í júní 2005. Þörf er á breytingum á aðalfangelsisbyggingunni og á húsi, þar sem hefur verið aðstaða forstöðumanns, og miðað er við að húsinu verði breytt í aðstöðu tengda fangelsisrekstrinum.

Sýslumaðurinn Eskifirði


Vegna viðbyggingar við hús sýslumannsins á Eskifirði var unnin frumathugun á árinu 2005. Meðal annars vegna umfangsmikillar virkjunar og uppbyggingar stóriðju á Austurlandi var fjölgun starfsmanna við sýslumannsembættið nauðsynleg. Fasteignir ríkissjóðs hafa með höndum rekstur húsnæðisins. Til að leysa húsnæðisþörfina mæltu FR með því við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að byggja um 170 m² viðbyggingu við skrifstofuhús sýslumannsembættisins við Strandgötu 52, Eskifirði. Að fenginni umsögn FSR veitti fjármálaráðuneytið heimild til áætlunargerðar, í apríl 2005. Stefnt er að því að bjóða út viðbygginguna á árinu 2006.

Félagsmálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2005 fyrir félagsmálaráðuneytið voru sambýli í Hveragerði og á Akureyri.

Birkimörk 21-27, Hveragerði. sambýli

Þörf var á aukinni þjónustu við fatlaða á Suðurlandi, einkum við einstaklinga sem þarfnast mikillar umönnunar. Niðurstaðan var að byggja sambýli með fimm íbúðareiningum við Birkimörk 21-27, Hveragerði, um 420 m² að stærð. Lögð var áhersla á að nýbyggingin uppfyllti kröfur líkar þeim sem gerðar eru til sjúkrastofnunar en lögð áhersla á heimilislegt yfirbragð.



Birkimörk Hveragerði, sambýli. Teikn. arkitekta.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í september 2005, var 134,8 m.kr. Var framkvæmdin boðin út og hafin haustið 2005 og er ætlað að ljúka henni á einu ári. Arkitekt er Pk hönnun. Verktaki er Þyngdarafli ehf.

Geislatún 1, Akureyri, sambýli

Að frumathugun vegna framkvæmda við sambýli á Akureyri var unnið vegna aukinna þarfar á þjónustu við fatlaða, einkum einstaklinga með mikla umönnunarþörf. Ákveðið var að reisa nýbyggingu um 419 m² að stærð með fimm íbúðareiningum auk stoðryma.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í september 2005, var 130,6 m.kr. Framkvæmdin var boðin út og hafin haustið 2005 og er ætlað að ljúka henni á einu ári. Arkitekt er Gláma-Kím arkitektar. Verktaki er Völvusteinn ehf.



Geislatún Akureyri, sambýli. Teikn. arkitekta.

Stuðlar, viðbygging

Fyrir félagsmálaráðuneytið hafði FSR umsjón með viðbyggingu við Stuðla, meðferðarstöð fyrir unglíngja. Á árinu 2004 var lokið við verkefnið að mestu og voru því gerð skil í ársskýrslu 2004.

Fjármálaráðuneyti

Helsta verkefni ársins 2005 á vegum fjármálaráðuneytisins og stofnana þess voru breytingar og endurinnrétting 1. hæðar á Grensásvegi 9.

Grensásvegur 9, 1. hæð, breytingar og endurinnrétting

Fyrir Fasteignir ríkissjóðs hafði FSR umsjón með breytingum og endurinnréttingu á 1. hæð að Grensásvegi 9. FR leigir Orkustofnun hæðina og er framkvæmdin hluti af endurskipulagningu húsrýmis OS í öllu húsinu. Gengið er á 1. hæð frá Grensásvegi og þar inn af eru nú funda- og fyrirlestrarsalur, bókasafn, matsalir og skrifstofur OS og ISOR - Íslenskra orkurannsóknna og aðstaða meistaranema.

Áfanginn var boðinn út í október 2004 og lauk framkvæmdum í ágúst 2005. Áætlaður framkvæmdakostnaður við verklok var 107 m.kr.

Arkitektar eru Gláma/ Kím arkitektar ehf. Almenna verkfræðistofan hf. eru hönnuðir burðarþols og lagna og RTS verkfræðistofa ehf. hannaði raflagnir. Verktaki var Heimabyggð ehf.



Móttaka Orkustofnunar, Grensásvegi 9.

Í undirbúningi:

- Tollstjórinn í Reykjavík,
- Setberg, endurinnrétting fyrir skrifstofur Þjóðminjasafns Íslands
- Grensásvegur 9, 3. hæð norður

Setberg, endurinnrétting

Fyrir Fasteignir ríkissjóðs kom FSR að umsjón á stigi áætlunargerðar og gerði umsögn fyrir fjármálaráðuneytið.

Setberg er gamla Jarðfræðahús HÍ sem eftir flutning starfseminnar í Öskju verður húsnæði fyrir skrifstofur Þjóðminjasafns Íslands. Húsið er á þremur hæðum, um 1.000 m² auk rishæðar.

Verkefnið felst í allmiklum endurbótum innanhúss og utan. Unnið var að hönnun og var verkið tilbúið til útboðs haustið 2005. Heildarkostnaðaráætlun FSR var 93,2 m.kr. í október 2005.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2005 fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

Sjúkrahúsið á Akranesi, endurbætur norðurálmú

Á síðasta ári lauk framkvæmdum við fyrri áfanga við Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina á Akranesi. Síðari áfanginn náði til þess að breyta og endurinnrétta 1. hæð norðurálmú. Framkvæmdin fólst einkum í að endurnýja innveggi, og hurðir, niðurtekin loft, gólfefni og fastar innréttingar, svo og glugga, einnig lagnir og hreinlætistæki og lampa.



Sjúkrahús Akraness við verklok. Mynd SHA.

Framkvæmdir við síðari áfanga hófust í október 2004 og þeim lauk í mars 2005. Verktaki var Kjölur ehf. Framkvæmdakostnaður vegna áfangans var um 51 m.kr.



Naust, mynd af borðstofu.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn


Á Þórshöfn var byggð viðbygging við hjúkrunarheimilið samkvæmt áætlun sem skýrt var frá í fyrri ársskýrslu.

Verktaki var Trésmiðjan Rein ehf. Framkvæmdir hófust í september 2004 og þeim lauk 1. september 2005.

Öldrunarheimilið Hlíð Akureyri, hjúkrunarálma

Eftir undirbúning, sem lýst var ítarlega í ársskýrslu 2004, kom til framkvæmdar við öldrunarheimilið og var hún boðin út í mars 2005. Verkið náði til jarðvinnu, uppsteypu og fullnaðarfrágangs byggingarinnar að meðtöldum tengingangi og til lóðarfrágangs.

Verktaki er Tréverk ehf. Í lok ársins 2005 hafði uppsteypu hússins verið lokið og húsið gert fokhelt. Áætlað er að ljúka framkvæmdum í september 2006.



Öldrunarheimilið Hlíð, Akureyri. Unnið við þak.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Suðurálma, 0. hæð

Framkvæmdum við innréttingar við Suðurálmu FSA er skipt í áfanga og áður var í ársskýrslu lýst undirbúningi innréttinga þessarar hæðar. Framkvæmdin náði einnig til frágangs á hluta bílastæðis.



FSA Akureyri, bílastæði.

Heildarkostnaðaráætlun í október 2005 nam um 130 m.kr. Framkvæmdir hófust í október 2004 og lauk í október 2005.



FSA Akureyri, ný innrétting.

Heilsugæslustöðin Skagaströnd

Húsnæði heilsugæslinnar á Skagaströnd var ófullnægjandi og var leitað leiða til að uppfylla m.a. kröfur vegna fatlaðra. Ákveðið var að reisa hús af einfaldri gerð sem yrði 267 m² að meðtöldum tengigangi. Arkitektabjónusta Austurlands sf., teiknaði húsið, Verkfræðistofa Austurlands ehf. annaðist burðarþol og hönnun lagna en Raftæknistofan RTS ehf. hönnun raflagna.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í september 2005, var 59,7 m.kr. Framkvæmdir við bygginguna voru boðnar út í september og að nýju í október 2005. Tilboði Trésmiðju Helga Gunnarssonar ehf. var tekið í desember 2005 og hófust framkvæmdir í framhaldi af því. Lok framkvæmda eru áætluð í ágúst 2006.

Heilsugæslustöð Hlíðahverfis, breytingar

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með breytingum sem gerðar voru á heilsugæslunni í Hlíðum, við Drápuhlið 12-16, til að bæta aðgengi. Komið var fyrir lyftu sem opnast á fjórum hæðum og gerðar breytingar og lagfæringar sem leiddu af því. Arkitekt var Helgi Hafliðason, Almenna verkfræðistofan hf. annaðist hönnun burðarþols og lagna og Rafhönnun ehf. hannaði raflagnir. Verktaki var Sökkull ehf.

Heildarkostnaðaráætlun vegna breytinganna var 20,0 m.kr. í júní 2004. Framkvæmdin var boðin út í júní 2005 og er áætlað að henni ljúki í mars 2006.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, viðbygging og endurbætur

Í Neskaupsstað var byggð viðbygging og framkvæmdar endurbætur við sjúkrahúsið samkvæmt áætlun sem skýrt var frá í fyrri ársskýrslu. Framkvæmdin var boðin út í ágúst 2004 en tilboð reyndust of há. Var boðið út að nýju í febrúar 2005 eftir endurskoðun útboðsgagna. Enn voru tilboð of há en eftir að boðað var til samningskaupa náðust samningar við verktakan Viðhald fasteigna ehf. Framkvæmdir hófust í maí 2005 og er áætlað að ljúka þeim í febrúar 2007.



FNS, uppsteypa.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, viðbygging, 1. áfangi A og B

Áður var í ársskýrslu lýst undirbúningi þessa verkefnis. Verkinu var skipt í 1. og 2. áfanga og hófst framkvæmd við 1. áfanga í október 2004.



Unnið að uppsteypu HSU, Selfossi.

Um er að ræða viðbyggingu og verður hún í þessum áfanga steypt upp og 2. hæð verður innréttuð fyrir hjúkrunardeild.

Verktaki er JÁ verktakar ehf. Áætlað er að ljúka áfanganum árið 2007.

Hjúkrunarheimilið Kirkjubæjarklaustri, 2. áfangi

FSR hafði umsjón með byggingu hjúkrunarheimilis á Kirkjubæjarklaustri. Á árinu 2004 lauk 1. áfanga. Framkvæmdir við 2. áfanga hófust í desember 2004 og er áætlað að ljúka þeim í maí 2006.

Heilsugæslustöðin á Akureyri, endurbætur 3. hæð


Samkvæmt áætlun, sem lýst er í ársskýrslu 2004, voru framkvæmdir við endurbætur á 3. hæð heilsugæslustöðvarinnar boðnar út á árinu 2005.

Áfanginn nær til þess að endurnýja mestalla hæðina, endurnýja gler, breyta rýmum, skipta um innveggi og hurðir, loft og gólfefni og endurnýja lagnir og raflagnir.

Framkvæmdin var boðin út í mars 2005 og var tekið tilboði Timbursmiðjunnar sem var um 43 m.kr. Hóf verktaki verkið í apríl 2005 og er áætlað að framkvæmd þessa áfanga ljúki í mars 2006.

Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, útboð A

Framkvæmdin er fyrsti áfangi í heildaráætlun um endurbætur og viðbyggingu við Heilbrigðisstofnunina Siglufirði. Áfanginn nær til endurbóta á núverandi suðurálmum og hluta vesturálmum heilbrigðisstofnunarinnar. Gerðar verða ýmsar breytingar á fyrirkomulagi, t.d. á hurðum til að uppfylla eldvarnarákvæði, einnig verður bætt búnings- og hreinlætisaðstaða, komið upp nýrri aðstöðu fyrir vakt og lyfjabúr, sett upp ný loft, endurnýjaðar pípu- og loftræsirlagnir svo og raflagnir.



HS Siglufirði, grunnmynd suðurálmum.

Áfanginn var boðinn út í október 2005 og er áætlað á ljúka framkvæmdinni á árinu 2006.

Arkitekt er Helgi Hafliðason, lagnir annaðist Lagnatækni ehf., raflagnir voru hannaðar af Rafhönnun hf. Verktaki er Byggingarfélagið Berg ehf.

Landspítali - háskólasjúkrahús, samkeppni um skipulag

Skref í undirbúningi framtíðaruppbyggingar LSH við Hringbraut voru tekin á árinu 2005. Haldin var samkeppni um skipulag lóðar, að undangengnu forvali, og var samkeppnislýsing afhent sjö fyrirtækjahópum í apríl 2005. Hóparnir unnu tillögur á grundvelli samkeppnisgagnanna og skilðu þeim til dómnefndar.

Úrslit í samkeppninni lágu fyrir í október 2005. Hlutskarpastur varð hönnunarhópur sem skipaður er íslensku arkitektastofunni Arkitektur.is, Verkfræðistofu Norðurlands, norsku verkfræðistofunni Sweco Grøner og dönsku arkitekta- og landslagsarkitektastofunum C.F. Møller og Schønherr Landskab.



LSH við Hringbraut, vinningstillaga.

Ríkisstjórnin samþykkti á árinu 2005 að 18 milljarðar króna af söluandvirði Landsímans rynnu til byggingar á nýja sjúkrahúsinu til að tryggja framgang málsins.

Stefnt er að því að vinna áframhaldandi skipulagsvinnu á árinu 2006. Næstu skref eru væntanlega hönnun mannvirkja en gert er ráð fyrir því í áætlunum að um 85 þúsund fermetrar af nýbyggingum rísi á lóðinni á árunum 2009 til 2018. Jafnframt er gert ráð fyrir umtalsverðum endurbótum á eldri húsum Landspítala - háskólasjúkrahúss.


Aðalhogmynd tillögunnar, að sögn eins höfundanna, var að hanna bjart, vinalegt og notalegt umhverfi, að flutningsleiðir og flæði innan og á milli deilda verði sem stýstar, að aðkoma sjúklinga og að samnýting húsnæðis og tækja sé góð. Nýbyggingunum verður skipt niður eftir miðjunni með göngugötu sem verður yfirbyggð með gleri.

Heilsugæslustöðin Borgarnesi, bílgeymsla

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með byggingu bílgeymslu við heilsugæslustöðina. Um er að ræða viðbyggingu fyrir tvær sjúkrafreiðar, um 100 m². Framkvæmd og hönnun voru boðin út saman í alútboði í nóvember 2005. Verktaki var SO húsbýggingar sf. og var Einar Ingimarsson, arkitekt, aðalhönnuður. Áætluð verklok eru í lok maí 2006.

Nýtt hjúkrunarheimili í Sogamýri

Í september 2005 var undirritað samkomulag um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Sogamýri, austan Merkurinnar í Reykjavík. Í frumathugun er gert ráð fyrir að þar verði um 110 hjúkrunarrými, allt einbýli, og byggingin verði um 6.660 m² að stærð. Frumkostnaðaráætlun er um 1.300 m.kr. sem greiðast af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Framkvæmdasjóði aldraðra 70% og Reykjavíkurborg 30%. Ráðgert er að FSR annist umsjón með verklegum framkvæmdum.




Hjúkrunarheimili í Sogamýri, afstöðumynd.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri - Innréttingar 1. og 2. hæð suðurálmu

Á árinu 2005 var unnið að undirbúningi þess að innrétta 1. og 2. hæð byggingarinnar fyrir sjúkrahússtarfsemi. Frumathugun var lögð fram í febrúar 2004 og unnin var nýtingaráætlun þessara hæða. Áætlunargerðin náði til innréttinga á 1. hæð suðurálmu fyrir speglunar- og lyfjadeild ásamt göngudeild sérfræðinga og kapellu og á 2. hæð fyrir skrifstofur sjúkrahússins. Hæðirnar eru samtals um 1.600 m² auk þess nær verkið til endurbóta á núverandi tengibyggingu á um 370 m². Hönnun var falin Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf., VST hf. og Raftákni ehf.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í desember 2005, var 264,5 m.kr. Framkvæmdin var auglýst til útboðs í desember 2005. Verktaki er PA Byggingarvertakar ehf.

Áætlað er að ljúka bílastæði í september 2006 og framkvæmdinni að öðru leyti mars 2007.



Sneiðing suðurálma FSA, 1. og 2. hæð.

Verkefni í undirbúningi

Eftirfarandi önnur verkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og stofnana þess voru í undirbúningi á árinu 2005:

- Heilsugæslustöðin Raufarhöfn, viðbygging og endurbætur
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands, 3. hæð
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, D álma, innrétting 3. hæðar
- Sjúkrahús Akraness, brunavarnir og varaafstöð
- Barna- og unglíngageðdeild, viðbygging, 1. áfangi
- Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, áfangi B, viðbygging
- Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, áfangi C, endurbætur og breytingar

Lönaðarráðuneyti

Orkustofnun, aukið húsnæði að Grensás-vegi 9, sjá Fjármálaráðuneytið/ Fasteignir ríkissjóðs.

Landbúnaðarráðuneyti

Fyrir landbúnaðarráðuneytið og stofnanir þess var í upphafi ársins 2005 lokið við að koma fyrir búnaði í kennslu- og rannsókarfjós LBHÍ á Hvanneyri og FSR kom einnig að framkvæmdum við Gunnarsholt og að undirbúningi vegna Landbúnaðarstofnunar.

Gunnarsholt, yfirborðsfrágangur stæða og vega

FSR kom að undirbúningi framkvæmda við yfirborðsfrágang bílastæða og vega við bílastæði við heimreiðina í Gunnarsholti í Rangárþingi. Fyrir lá að með malbikun ykist öryggi í akstri um svæðið og viðhaldskostnaður minnkar. Í útboðsgögnum ráðgjafa, Verkfræðistofu Suðurlands ehf., kemur fram að klæða skal með olíumöl á veg frá gatnamótum að móttöku og með malbiki á bílastæði, auk þess að ganga frá niðurföllum og steypa kantsstein og þvotta- og olíuþlön.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, á verðlagi í febrúar 2005, var 71,1 m.kr. Verkið var boðið út. Verktaki, Heflun ehf., hóf verkið í maí 2005 og var framkvæmdum var mestu lokið við lokaúttekt í október 2005.

Verkefni í undirbúningi:

Landbúnaðarstofnun

Á árinu 2005 voru sett lög og reglugerð um Landbúnaðarstofnun. Verkefni hennar voru áður m.a. hjá Yfirdýralækni og veiðimálastjóra, svo sem á sviði dýraheilbrigðis, búfjárefnirlits, matvælaöryggis og veiðieftirlits lax- og silungsveiði. Ákveðið var að stofnunin tæki til starfa 1. janúar 2006, aðalskrifstofan yrði til bráðabirgða á Austurvegi 10, Selfossi, en flytti síðar á árinu 2006 í varanlegt leiguhúsnæði á Selfossi. FSR kom að undirbúningi og hófst vinna fyrir Landbúnaðarstofnun við húslýsingu og verðkönnun haustið 2005.

Menntamálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2005 fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess voru:

- Menntamálaráðuneytið, endurinnrétting á 3. hæð
- Kennaraháskóli Íslands, matsalur
- KHÍ, lóð 2. áfangi
- MR Casa Nova, endurnýjun
- Háskóli Íslands. Háskólatorg

Menntamálaráðuneytið, endurinnrétting á 3. hæð

FSR hafði umsjón með endurinnréttingum í aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins.

Í frumathugun kemur fram að endurbóta var þörf á vesturhluta 3. hæðar á svokölluðum ráðherragangi, á alls um á um 204 m². Eftir breytingar verður á ráðherraganginum aðstaða ráðherra, aðstoðarmanns ráðherra, ráðuneytisstjóra, ritara og móttökuritarar auk biðstofu, eldhúss og funda- og setustofu. Gerðar voru gagngerar breytingar, breytt innra fyrirkomulagi, leystir tæknilegir gallar og komið upp hitastýringu í suðurherbergjum. Við það var miðað að framkvæmd færi fram á sumartíma til að trufla sem minnst starfsemina. Heildarkostnaðaráætlun FSR, á verðlagi í maí 2005, var rúmlega 30 m.kr.

Arkís ehf. sá um arkitektahönnun, Almenna verkfræðistofan hf. hannaði lagnir og Raftækning ehf. raflagnir. Verkið var boðið út í maí 2005 og var tekið var tilboði Beykis ehf. í júní 2005. Framkvæmdum lauk í október 2005.

Þjóðleikhússið, endurbætur 2005-2006

Á árunum 1989 til 1991 var unnið að umfangsmiklum endurbótum á Þjóðleikhúsinu og að þeim loknum varð hlé á framkvæmdum en ýmsum verkþáttum var þá ólokið. Það á við um frágang gestasvæða á 1. hæð, úrbætur vegna hreyfihamlaðra, eldvarnir og endurbætur utanhúss.

Á árinu 2004 hófust framkvæmdir við fyrrnefnda þætti og náði 1. áfangi til úrbóta á brunavörnum og aðgengi fatlaðra að og í húsinu. Ekki var lokið við þennan áfanga árið 2005.

Kennaraháskóli Íslands, matsalur

Mataraðstaða við KHÍ var þröng og þörf á úrbótum jókst við aukinn nemendafjölda. Niðurstaða frumathugunar var að koma mótuneyti fyrir milli eldri byggingarálma fyrir um 150 manns. Hönnuð var einnar hæðar viðbygging með steinsteyptu gólfi og léttri yfirbyggingu um 270 m² að stærð. Austurveggur er gluggaveggur með hurðum út á verönd.



Nýr matsalur Kennaraháskóla Íslands.

Heildarkostnaðaráætlun, í febrúar 2005, var 48,8 m.kr. Framkvæmdin hófst í apríl 2005 og lauk í ágúst 2005.

Hönnuðir matsalarins voru Batteríð ehf. arkitektar, vegna burðarvirkis Verkfræðistofa Guðjóns Þ. Sigfússonar ehf., vegna lagna Verkfræðistofa Guðmundar og Kristján's hf. og vegna raflagna Tera sf. Verktaki var BF Kristján's Ólasonar ehf.

KHÍ, lóð 2. áfangi

Í framhaldi af framkvæmdum við Hamar kennslumiðstöð, sem tekin var í notkun árið 2002, hefur verið unnið að frágangi lóðar við bygginguna. Lóð KHÍ liggur við Stakkahlíð að vestan, að Háteigsvegi að norðan og að lóð kirkju Óháða safnaðarins sem er á horni fyrrnefndra gatna og að mörkum lóða við Bólstaðarhlíð. Í samræmi við frumathugun var unnið að frágangi lóðarinnar í tveimur áföngum.

Áður var lokið 1. áfanga sem náði til lóðarfrágangs norðan við Hamar, þar með talinn stígur að nýjum aðalinngangi og bílastæði, i auk jarðvinnu á svæði 2. áfanga.

Á árinu 2005 var hafin framkvæmd 2. áfanga sem felst í því að leggja grasþökur og hellulagða stíga austan og sunnan við nýbygginguna, gera bílastæði að sunnan og á norðvestanverðri lóð og endurbæta eldri lóðarhluta. Vegna mikils hæðarmunar er svæðið stallað og gerðir stoðveggir. Gengið er frá lóð þannig að hægt er að komast beint út á verönd úr matsal.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, á verðlagi í maí 2005, var 45,2 m.kr. Framkvæmdir við 2. áfanga voru boðnar og tilboði tekið í júlí 2005 og mun framkvæmdum ljúka 2006.

Landslagarkitektar voru Björn Jóhannsson hjá Garðahönnun ehf. og Einar Birgisson, verkfræðihönnun annaðist VSB ehf. Verktakar voru EP vélaleiga ehf. og Grásteinn ehf.

Menntaskólinn í Reykjavík, Casa Nova, endurbygging

Fyrir allnokkrum árum var haldin samkeppni um skipulag og uppbyggingu á reit MR og var Helgi Hjálmarsson arkitekt á Teiknistofunni Óðinstogi sf. þar hlutskarpastur. Fylgt hefur verið niðurstöðum samkeppninnar og eru endurbætur Casa Nova liður í því. Casa Nova er steinsteypt bygging, byggð 1964, og er um 1469,0 m² að stærð. Verkefnið er viðamikíð og nær til gagngerra endurbóta hússins að utan og innan. Eftir breytingarnar verða í byggingunni þrjár einingar með kennslustofum og ein með stigahúsi, snyrtingum auk lyftu sem ekki var áður í húsinu. Innréttingar verða mikið endurnýjaðar svo og lagnir og raflagnir og auk þess verður anddyri rífið og byggt nýtt. Ákveðið var að bjóða framkvæmdirnar út í einu lagi en raða áföngum á sumrin 2005, 2006 og 2007 til að trufla sem minnst starfsemina.

Á árinu 2005 var unnið að 1. áfanga, norðurenda byggingar, og var lauk þeim áfanga að mestu á árinu.

Hönnuðir eru Teiknistofan Óðinstorgi sf., sem sá um arkitektahönnun og hönnun burðarvirkis og pípulagna, VGK hf. hannaði loftræsilagnir og Raftæknistofan raflagnir. Verktaki er Ístak hf.

Háskóli Íslands. Háskólatorg

Á árinu 2005 var áfram unnið að undirbúningi verkefnisins Háskólatorg. Var lokið við gerð alútbodsgagna og var hönnun og framkvæmd boðin út í alútbóði. Í alútbodsgögnum var kveðið á um að unnið skyldi í samræmi við kröfu- og þarfalýsingu sem húsnæðið skyldi uppfylla og sérstakt var að fest var fjárhæð til Háskólatorgs, alls 1,6 milljarðar króna. Verkefnið er fjármagnað með sölu fasteigna, lántöku Happaðrættis Háskóla Íslands og framlagi Háskólasjóðs hf. Eimskipafélags Íslands.

Háskólatorg Háskóla Íslands er samheiti tveggja bygginga á háskólasvæðinu austan Suðurgötu. Samanlögð stærð bygginga, að meðtöldum tengibyggingum, var áætluð 8.500 m². Þar verða meðal annars stærri og minni fyrirlestrasalir, kennslu- og rannsóknastofur, skrifstofur félagsvísindadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar, lagadeildar og hugvísindadeildar og mikilvæg fjölnota rými, torg, sem þjóna öllum deildum Háskólans.

Háskólatorg 1 er áætlað um 5.000 m² að stærð og er staðsett milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss. Í byggingunni mun hýsa m.a. kennslurými, lesrými, skrifstofur fyrir þjónustustofnanir HÍ, Happaðrætti Háskóla Íslands, Bóksölu stúdenta, skrifstofu FS og stúdentaráðs auk veitingaaðstöðu.

Háskólatorg 2 er áætlað um 3.000 m² að stærð og er staðsett milli Odda, Lögbergs og Nýja Garðs. Í byggingunni verða skrifstofur fyrir starfsmenn og nemendur, lesrými fyrir nema auk rannsóknarstofa.

Nýbyggingarnar verða tengdar innbyrðis og öðrum byggingum með ýmsum hætti.

Í mars 2005 var efnt til forvals í alútbóðinu þar sem verktakar í samvinnu við hönnuði sóttu um að taka þátt í samkeppni um hönnun og byggingu Háskólatorgs. Sjö aðilar lögðu inn umsóknir um þátttöku í forvali alútbodisins. Niðurstaða forvalsins lá fyrir í apríl 2005 og höfðu þá fimm aðilar verið valdir til að taka þátt í samkeppni um hönnunina.

Niðurstaða samkeppninnar lá fyrir í október 2005. Fjórar tillögur bárust og var það mat dómnefndar að þær væru allar metnaðarfullar og fjölbreyttar og gæfu hver um sig nýja sýn á verkefnið. Hlutskarpastir í samkeppninni urðu Íslenskir aðalverktakar og arkitektarnir Ögmundur Skarphéðinsson og Ingimundur Sveinsson. Aðrir sem lögðu fram tillögur í samkeppninni voru ÞG verktakar ehf. ásamt Sigurði Halldórssyni arkitekt hjá Glámu Kim, einnig Ístak hf. ásamt Steve Christer arkitekt hjá Studio Granda og einnig Keflavíkurverktakar ehf. ásamt Sigurði Hallgrímssyni arkitekt hjá Arkþingi. Í umsógn dómnefndar er vinningstillögunni lýst sem vandaðri og sterkri tillögu sem hafi mikla möguleika til nánari útfærslu.

Samningar milli hönnuðanna og HÍ voru undirritaðir 1. desember 2005. Framkvæmdir munu hefjast á árinu 2006 og er áætlað að þeim ljúki á árinu 2007.



Vinningstillaga ÍAV ehf. og arkitektanna Ögmundur Skarphéðinsson og Ingimunduar Sveinssonar.

Verkefni í undirbúningi

Auk Háskólatorgs HÍ voru á árinu 2005 í undirbúningi eftirfarandi verkefni fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess.

- Keldur, rannsóknarstofa P3 Verkkaupi Tílr.st. HÍ í meinafræði
- Þjóðleikhúsið, endurbætur utanhúss
- Íþróttahús Háskóla Íslands, utanhússviðgerðir (Verkkaupi HÍ)
- Háskólinn á Akureyri, 4. áfangi

Samgönguráðuneyti

Að loknum framkvæmdum við endurbætur Flugturnsins í Reykjavík vann FSR ekki að verkefnum fyrir samgönguráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2005.

Umhverfissráðuneyti

Á undanförunum árum var mikið unnið að framkvæmdum við snjóflóðavarnir. Helstu verkefni á árinu 2005 fyrir umhverfissráðuneyti, Ofanflóðasjóð og viðkomandi sveitarfélög voru eftirfarandi.

- Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, varnargarðar á Brún
- Snjóflóðavarnir Siglufirði, þvergarðar
- Snjóflóðavarnir á Ísafirði, Kubbi

Snjóflóðavarnir Seyðisfirði, varnargarðar á Brún

Framkvæmdum við Snjóflóðagarðana á Seyðisfirði lauk að mestu árið 2004 og var áður gerð grein fyrir verkinu í ársskýrslu. Verklok voru í júlí 2005. Framkvæmdir við uppgræðslu hófust í júlí 2005 og lauk þeim í byrjun september 2005.

Snjóflóðavarnir Siglufirði, þvergarðar

Framkvæmdum við þvergarða snjóflóðavarna Siglufirði var einnig áður lýst í ársskýrslu. Áætlað er að ljúka þeim á árinu 2006. Uppgræðsla þessara þvergarða er hafin og verður dreift á árin 2004-2008.


Snjóflóðavarnir Ísafirði -

þvergarður og stoðvirki í Kubbi

Áfram hefur verið unnið að frumathugun snjóflóðavarna undir fjallinu Kubbi, í botni Skutulsfjarðar, það er á þeim hluta Holtahverfis á Ísafirði þar sem snjóflóðahætta er að mati sérfræðinga talin mikil.

Frumathugun var unnin af VST hf. og lauk henni í apríl 2005. Er lagt til að þar verði reist stoðvirki og þvergarður. Með frumathuguninni var lagður fram viðauki um mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa. Það verkefni var unnið af Landmótun í samvinnu við VST hf. Verkkaupar eru Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður á vegum umhverfissráðuneytis.

Framundan er að fullhanna snjóflóðavarnirnar en framkvæmdatími er í frumathuguninni áætlaður 2006 - 2007.



Mögulegt fyrirkomulag þvergarðs undir Kubbi.

Verkefni í undirbúningi

Enn liggja fyrir ýmis verkefni þar sem talin er þörf á að verja hús fyrir snjóflóðum á hættusvæðum. Á árinu 2005 voru eftirfarandi verkefni í undirbúningi.

- Snjóflóðavarnir Bolungarvík
- Snjóflóðavarnir Ólafsvík
- Snjóflóðavarnir Bíldudal

Utanríkisráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2005 fyrir utanríkisráðuneytið voru eftirfarandi.

- Sendiherrabústaður í Berlín
- Flugþjónustusvæðið á Keflavíkurvelli, svæði A, gatnagerð og lagnir

Sendiherrabústaður í Berlín

Að loknum undirbúningi hófust framkvæmdir við sendiherrabústaðinn í Berlín í lok desember 2004. Var framkvæmdin unnin að miklu leyti á árinu 2005.



Sendiherrabústaðinn í Berlín í byggingu.

Þann 30. júní 2005 bauð sendiherra Íslands í Berlín, til Richtfest en það er siður í Þýskalandi að verkkaupi býður iðnaðarmönnum og öðrum gestum til veislu í tilefni þess að hús er komið undir þak.

Áætlað er að framkvæmdum við sendiherrabústaðinn ljúki í apríl 2006.

Flugþjónustusvæðið á Keflavíkurvelli.

Svæði A, gatnagerð og lagnir

Eftir breytingar sem gerðar voru á deiliskipulagi vestan við flugstöðina á svæði A, árið 2001 er nú miðað við að þar geti risið stjórnsluhús og þjónustu- og atvinnuhús.

Verkefnið felst í að gera fyrrnefnt svæði byggingarhæft með gatnagerð og lögnum. Í útboðsgögnum segir meðal annars að götur skulu fullgerðar með slitlagi, gangstéttum, umferðarmerkjum og málun. Leggja skal einnig vatnslagnir og fráveitugagnir frá svæðinu.

Hönnuður er Verkfræðistofa Njarðvíkur ehf. Verktaki er SEES ehf. Heildarkostnaðaráætlun FSR, á verðlagi í janúar 2005, var 103,5 m.kr.

Framkvæmdin var boðin út í mars 2005 og er var áætlað að ljúka henni í ágúst 2005 en hluta hennar var frestað til ársins 2006.

Verkefni í undirbúningi

Fyrir utanríkisráðuneytið og stofnanir þess voru í undirbúningi á árinu 2005 eftirfarandi verkefni.

- Stjórnsýslubygging Keflavíkurvelli
- Fraktflughlöð Keflavíkurvelli, 2. áfangi

Alþingi

Helsta verkefni fyrir Alþingi á árinu 2005 var 4. áfangi endurbóta Alþingishússins, innanhúss.

Alþingishús, endurbætur innanhúss, 4. áfangi

Í frumathugun sem gerð var vegna Alþingishúss, endurbóta innanhúss, var gert ráð fyrir nauðsynlegum endurbótum í áföngum. Gerðar yrðu endurbætur í meira mæli en áður og leitast við að færa margt til upprunalegs horfs. Heildarkostnaðaráætlun allra áfanganna á stigi frumathugunar var um 200 m.kr. Áfangarnir, sem nú hefur verið lokið við, voru eftirfarandi:

1. áfangi. Tengingar við þjónustuskálann.
2. áfangi. Endurbætur á forsal.
3. áfangi. Endurbætur á 1. og 2. hæð.
4. áfangi. Endurbætur 3. hæðar, parket á 1. hæð og lyfta.

Hönnun beindist öðru fremur að því að endurbæta 3. hæð. Gólf á þöllum verða með teppum en skrifstofur og fundaherbergi viðargólf, slípuð og bæsuð. Notaðir eru sterkir litir á vegg. Á 3. hæð fór fram, eins og áður var gert á aðalhæðum, mikil endurnýjun lagna og raflagna enda mjög víða úreltar leiðslur.



Viðfangsefnum var að hluta hliðrað milli áfanga. Ástæða þess var að við fyrri endurbætur kom í ljós raki í gólfum á 1. hæð og voru þá steipt ný gólf í herbergjum sitt hvorum megin við forsalinn og lögð filteppi til bráðabirgða á meðan gólf þornuðu. Lagt var nú á þessi gólf stafaparket úr eik.



Sett var upp lyfta sem gengur milli 2. og 3. hæðar. Lyftan er mikilvægur áfangi í því að bæta aðgengi hreyfihamlaðra í Alþingishúsinu. Á rishæð voru lagðar vatnslagnir og endurbætur á brunalokum og sett var upp vatnsúðunarkerfi á þakhæð.

Framkvæmdir við 4. áfanga voru boðnar út í mars 2005 og var tekið tilboði Ístaks hf. Vinna hófst í apríl 2005 og lauk í september 2005. Heildarkostnaðaráætlun, í september 2005, var 86,2 m.kr.

Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu er arkitekt og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt vegna húsafriðunarmála. Línuhönnun hf. annaðist burðarvirki, VGK hf. hönnun lagna, Rafhönnun hf. raflagnahönnun, VSI hannaði öryggiskerfi og Akustikon hljóðkerfi. Verktaki var Ístak.

Í undirbúningi vegna Alþingishúss:

- Endurnýjun loftræsingar
- Húsgögn
- Utanhúsviðgerð
- Þakviðgerð

Samstarf, innlent og erlent

Innlent samstarf

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök.

Verklýsingavefurinn er verkefni sem er í undirbúningi, í samstarfi opinberra stofnana, verkkaupa og fulltrúa hagsmunaaðila í byggingariðnaði, um rafrænt safn samræmdra verklýsinga í byggingariðnaði.

Gæðastjórnun er mikilvægt málefni sem FSR leitast eftir að styðja við að sé viðhaft í verklegum framkvæmdum. Í samræmi við aukna áherslu á gæðastjórnun héldu Samtök iðnaðarins, í samvinnu við helstu opinberu verkkaupa landsins, námskeið um samræmdar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir. Starfsmenn FSR taka eftir þörfum þátt í þeim námskeiðum sem í boði eru.

Byggingarstaðlar tengjast verkefnum FSR og hefur stofnunin lengi átt í samstarfi við aðila um þá. Á árinu 2005 var til umsagnar frumvarp að íslenskum staðli, ÍST 66 Varmatap húsa, útreikningar, sem byggir á dönskum staðli og íslenskum sérákvæðum. Tvö sett þölnönnunarstaðla eru í gildi sem velja má um, annars vegar danskir staðlar með íslenskum sérákvæðum og hins vegar evrópskir forstaðlar með íslenskum þjóðarskjölum. Þeir síðarnefndu voru í endurskoðun árið 2005.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands hefur frá stofnun þess 1984 unnið að þróun og eflingu verkefnastjórnunar á Íslandi. FSR tekur þátt í starfsemi félagsins og IPMA, alþjóðasamtaka sem félagið er hluti af.

Á árinu 2005 sóttu þrjár starfsmenn á vegum FSR alþjóðlegu ráðstefnuna *19th IPMA World Congress 2005* sem haldin var 13.-16. nóvember 2005 í New Dehli á Indlandi. Þema ráðstefnunnar var *Vision to Reality - the project management way*. Í ávarpi sínu sagði formaður samtakanna að vörpun draums eða framtíðarsýn sé nauðsynleg og upphafspunktur þess að koma verkefni í framkvæmd með aðferðum verkefnastjórnunar.

Alþjóðlegt samstarf

Framkvæmdasýsla ríkisins tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi.

Aðild að NKS

FSR er aðili að NKS, Nordisk Kontakt om Statsbygninger, sem er sérstakur vettvangur samstarfs um opinberar byggingar á Norðurlöndunum. Haldnar eru ráðstefnur aðila NKS og gesta þeirra annað hvert ár en hin árin er fundur forstjóra stofnananna.

Á ráðstefnu NKS í Stokkhólmi 3.-4. október 2005 var þemað *Aðgengi og menningarararur í norrænu menningar- og byggingarumhverfi*. Markmiðið er að skiptast á skoðunum og koma á framfæri þekkingu um hvernig varðveita megi okkar einstaka norræna menningararf og gera hann leið aðgengilegan og lifandi. Auknar kröfur um aðgengi og frágengi fatlaðra og annarra að byggingum og umhverfi knýja á innleiðingu á tækni og breytingar á menningarsögu- legum byggingum og umhverfi. Það er ögrandi verkefni að ætla á sama tíma að varðveita og breyta. Mikilvægt er að slíkt sé gert af næmleika, varfærni og kunnáttu. Á ráðstefnunni var komið á framfæri dæmum um lausnir og rætt um þróun og sýn á samfélag þar sem aðgengi og frágengi er tryggt fyrir alla.

Á ráðstefnunni voru heimsóknir, unnið var í vinnuhópum, fluttir fyrirlestrar um norrænt menningarumhverfi og menningarbyggingar, auk þess sem farið var í skoðunarferðir.



Aðgengismál voru í forgrunni hjá NKS.

Árið 2005 var hlutur Íslands í NKS samstarfinu meiri en venjulega, því haldinn var vinnufundur NKS í Reykjavík dagana 17.-19. ágúst 2005. Þar kynntu aðilar NKS þróun og nýjustu áherslur hjá hverri stofnun fyrir sig. Komið var inn á áætlunargerð og stjórnun, framkvæmdir og viðhaldsverkefni, tölvustudda hönnun, rekstur og viðhald húsnæðis, almenna notkun tölvuteikninga og fleira. Að venju fóru fram skoðunarferðir í nýjar opinberar byggingar og heimsóttir voru merkir staðir.



Fundargestir á fundi NKS í Reykjavík 2005.

Aðild að NKU

FSR er, ásamt utanríkisráðuneytinu, aðili að NKU (Nordisk Kontakt om Utrikesbyggeri) sem er vettvangur til að miðla reynslu og finna fleti á samstarfi milli Norðurlandanna um húsnæðismál og opinberar framkvæmdir á vegum utanríkisráðuneytanna á erlendri grundu. Árlega eru haldnir fundir í NKU-samstarfinu. Skiptast löndin fimm á að halda fundinn, árið 2005 var fundur í Kaupmannahöfn og næsti fundur verður í Reykjavík árið 2006.

Aðild að NBD

Þátttaka Íslands í norrænu samstarfi um byggingarmál á sér langa sögu. Norræni byggingardagurinn er þar mikilvægasti vettvangurinn. Meginverkefni NBD á Íslandi á árinu 2005 var að halda Norræna byggingardaginn því ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Reykjavík. Ásdís Ingþórsdóttir, verkefnastjóri hjá FSR, tók þátt í skipulagi ráðstefnunnar sem ritari stjórnar NBD á Íslandi.

Ráðstefnan NBD í Reykjavík 2005 bar heitið *Heilsulandið Ísland - Hið manngerða umhverfi* á Nordica Hotel í Reykjavík dagana 18.-20. september 2005.



Bláa lónið tengdist þema NBD 2005.

Að venju voru á Norræna byggingardeginum fjölmargir fyrirlestrar og ýmsar áhugaverðar skoðunarferðir. Reyndar komu margir þátttakendur í "Pre-Tour" þar sem komið við á Akureyri og síðan ekið til Reykjavíkur þar sem móttaka var í ráðhúsi Reykjavíkur. Sjálf ráðstefnan hófst síðan 19. september 2005 í Nordica Hotel. Þorvaldur S. Þorvaldsson er formaður NBD á Íslandi og fráfarandi formaður NBD. Ráðstefnan hófst með ávarpi umhverfisráðherra. Á fyrri degi ráðstefnunnar voru fyrirlestraraðirnar Gæði byggðar, Hið manngerða umhverfi, einkaframkvæmd og fjármögnun framkvæmda og Umhverfislist. Þá var lagt af stað í skoðunarferðir sem þóttu mjög áhugaverðar. Um kvöldið var haldin hin hefðbundna Byggingarnótt þar sem var léttur kvöldverður og skemmtun í byggingum Laugardalslaugar. Síðari daginn voru flutt erindin Hið mannlega umhverfi, heilsufar og orkumál og Ný strandhverfi, arkitektúr, skipulag og framtíðarsýn.

Norrænn byggingardagur verður haldinn í Stokkhólmi árið 2007 auk þess sem viðburðir verða hjá NBD í Grænlandi í maí 2006 og í Pétursborg í september 2006.



Nýr matsalur Kennaraháskóla Íslands.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma


Hagnaður var af rekstri ársins 2005 sem nam um 5,9 milljónum króna með ríkisframlagi, eða 3,2 milljónum króna án ríkisframlags. Þetta er mun betri árangur en árið áður.

Hagnaðurinn stafar helst af því að tekjur hækkuðu um tæplega 6 milljónir króna á milli ára. Framlag á fjárlögum hélst óbreytt frá fyrra ári. Í árslok 2005 nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar 15,5 milljónum króna.

Verkbókhald FSR

Langmestur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til aukinnar hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því fyrirkomulagi er verkefnastjórum gert kleift að fá nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka, án tafar, sem auðveldar kostnaðargát á verkum. Undanþegnar frá þessum lagaboðum eru framkvæmdir sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að. Jafnframt heimila lög fjármálaráðherra að skipa málum með öðrum hætti.

Það hefur verið markmið FSR að fækka þeim verkum í umsjón FSR, sem ekki eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu, undanfarin ár með það að markmiði að verða upplýsingamiðstöð um kostnað opinberra framkvæmda og fleira það er lýtur að opinberum framkvæmdum.



Velta verkbókhalds árin 2000 - 2005 í m.kr.

Frá því að framkvæmdum við stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar lauk, árið 2000, hefur velta verkbókhalds FSR farið minnkandi, ár frá ári. Þessi minnkun stafar af þeirri stefnu stjórnvalda að halda opinberum framkvæmdum í lágmarki til að sporna við þenslu sem hlýst af stórfamkvæmdum við virkjanir og álver. Gera má ráð fyrir að samdráttur haldist út árið 2006 og jafnvel inn í árið 2007, en þá má búast við að verði viðsnúningur í veltu verkbókhalds hjá FSR.

Starfsmannamál

Stöðugildi á árinu 2005 voru 16,55 en í árslok voru starfsmenn 15 talsins. Menntunarstig starfsmanna er eðli starfseminnar samkvæmt fremur hátt, en um 75% starfsmannanna eru með háskólagráðu.

Það hefur um allnökkurt skeið verið stefna stofnunarinnar að leggja mikla áherslu á símenntun. Það hefur og gefist vel og eru framlög til endurmenntunar almennt vel nýtt.



Frá starfsmannaferð í Knarrarósvita.

Verkefnastjórnarnir, Jón Heiðar Gestsson og Jón Sigurðsson, hættu störfum á árinu og nýr Jón, Jón H. Ásbjörnsson var ráðinn sem verkefnisstjóri. Elísabet H. Guðmundsdóttir, sem gegndi starfi skrifstofustjóra, hætti einnig störfum á árinu og Helga Liv Óttarsdóttir, sem var í hálfu starfi, tók við af Elísabetu og fór í fullt starf en enginn nýr starfsmaður var ráðinn í hennar stað.



Frá starfsmennaferð á Stokkeyri.

Starfsmannafélagið Auðvitað hélt að venju uppi góðum starfsanda, með fjölbreyttri dagskrá. Þar stendur upp úr skemmtiferð um Suðurland þar sem heimstóttur var Knarrarósviti og draugasafnið á Stokkseyri og kvöldvarður í Rauða húsinu á Eyrarbakka. Efnt var til golfkennslu og haldið golfmót í framhaldi af því og má segja að mikil vakning hafi orðið í því sporti meðal starfsmanna.

Gönguklúbburinn "Á toppnum" fór í gönguferð á Hengil. Að venju var svo haldin jólagleði, með heitu súkkulaði og félagsvist.

Reykjavík 25. september 2006.



Óskar Valdimarsson, forstjóri

Framkvæmdasýsla ríkisins

Ársreikningur 2005

Framkvæmdasýsla ríkisins
Borgartúni 7
105 Reykjavík
kt. 510391-2259

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--------------------------------|--------|
| Staðfesting ársreiknings | 3 |
| Áritun endurskoðenda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 11 |

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Framkvæmdasýsla ríkisins er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins fer með stjórn opinberra framkvæmda. Opinber framkvæmd merkir gerð eða breytingu mannvirkis, sem greidd er af ríkissjóði að öllu eða nokkru leyti og er að umfangi 5 m.kr. eða meira.

Mörg verkefna stofnunarinnar eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Í reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715 frá 2001, er fjallað nánar um hlutverk FSR.

Á árinu 2005 var 5.903 þús. kr. tekjuafgangur af rekstri Framkvæmdasýslunnar. Eignir námu 406.880 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé 15.504 þús. kr.

Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og skrifstofustjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25 júlí 2006



Óskar Valdimarsson,
forstjóri.



Hólga Liv Óttarsdóttir
skrifstofustjóri.

Áritun endurskoðenda

Til fjármálaráðuneytisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af forstjóra Framkvæmdasýslunnar og á ábyrgð hans í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 31. júlí 2006


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.


Sigurjón I. Haraldsson.

Rekstrarreikningur árið 2005

| Tekjur | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|--------------|-----------------------------|--------------------------------|
| Þjónustutekjur | | 119.018.797 | 113.047.634 |
| Tekjur samtals | 1 | <u>119.018.797</u> | <u>113.047.634</u> |
| Gjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 87.601.870 | 84.664.782 |
| Rekstur skrifstofu | 3 | 22.426.475 | 23.662.936 |
| Rekstur bifreiðar | 4 | 806.502 | 694.579 |
| Ferðakostnaður | 5 | 2.604.610 | 1.457.654 |
| Tapaðar kröfur | | 0 | 12.017.651 |
| Rekstrargjöld samtals | | <u>113.439.457</u> | <u>122.497.602</u> |
| Eignakaup | 6 | 2.375.720 | 2.621.273 |
| Gjöld samtals | | <u>115.815.177</u> | <u>125.118.875</u> |
| Tekjuafgangur /-halli án ríkisframlags | | 3.203.620 | (12.071.242) |
| Ríkisframlag | | <u>2.700.000</u> | <u>2.700.000</u> |
| Tekjuafgangur (halli) | | <u><u>5.903.620</u></u> | <u><u>(9.371.242)</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

| Eignir | Skýr. | 2005 | 2004 |
|------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Skuldunautar | 7 | 76.359.798 | 99.282.217 |
| Viðskiptamenn | | 0 | 93.890 |
| Virðisaukaskattur | | 12.082.559 | 9.006.128 |
| Handbært fé | | 318.438.027 | 204.311.318 |
| Eignir alls | | <u>406.880.384</u> | <u>312.693.553</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Höfuðstóll frá fyrra ári | | 9.600.538 | 18.971.779 |
| Tekjuafgangur (halli) | | 5.903.620 | (9.371.242) |
| Eigið fé samtals | 9 | <u>15.504.158</u> | <u>9.600.538</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Lánardrottinnar | 10 | 389.210.341 | 297.765.337 |
| Ríkissjóður | 8 | 2.165.885 | 5.327.678 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>391.376.226</u> | <u>303.093.015</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>406.880.384</u> | <u>312.693.553</u> |
| Skuldbindingar utan efnahags | 12 | | |

Sjóðstreymi árið 2005

Handbært fé frá rekstri

| | 2005 | 2004 |
|----------------------------|-------------|--------------|
| Veltufé frá rekstri | | |
| Tekjuafgangur (halli)..... | 5.903.620 | (9.371.242) |
| Veltufé frá rekstri | 5.903.620 | (9.371.242) |

Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:

| | | |
|--|-------------|------------|
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)..... | 19.939.878 | 13.376.123 |
| Viðskiptaskuldir, hækkun..... | 91.445.004 | 14.136.994 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | 111.384.882 | 27.513.117 |

Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)

| | | |
|--|-------------|------------|
| | 117.288.502 | 18.141.876 |
|--|-------------|------------|

Fjármögnunarhreyfingar:

| | | |
|---------------------------------|--------------|--------------|
| Breyting á stöðu við ríkissjóð: | | |
| Framlag ríkissjóðs | (2.700.000) | (2.700.000) |
| Greitt úr ríkissjóði | (461.793) | 1.903.376 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (3.161.793) | (796.624) |

Hækkun á handbæru fé.....

| | | |
|--|-------------|------------|
| | 114.126.709 | 17.345.253 |
|--|-------------|------------|

Handbært fé í ársbyrjun.....

| | | |
|--|-------------|-------------|
| | 204.311.318 | 186.966.065 |
|--|-------------|-------------|

Handbært fé í árslok

| | | |
|--|-------------|-------------|
| | 318.438.027 | 204.311.318 |
|--|-------------|-------------|

Skýringar með ársreikningi

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Framkvæmdasýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Framkvæmdasýsla ríkisins greiðir hvorki tekju- né eignaskatt. Virðisaukaskattur er ekki reiknaður á tekjur stofnunarinnar.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum á hlaupareikningi í Seðlabanka Íslands.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Bókhald og fjárvarsla

Framkvæmdasýsla ríkisins sér sjálf um að greiða reikninga og færa bókhald. Þá annast stofnunin færslu bókhalds og greiðslur vegna flestra verklegra framkvæmda á vegum ríkisins sem stofnunin hefur umsjón með. Fjársýsla ríkisins annast launavinnslu fyrir stofnunina.

Skýringar með ársreikningi

Fjárheimildir og rekstur

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum nemur 2,7 millj. kr. og var það óbreytt á milli ára, engar breytingar urðu á fjárheimildunum á árinu. Að frátöldu þessu framlagi er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður með sértekjum

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Reikningur |
|--------------------------|------------|-------------|------------|
| Launagjöld..... | 85.500 | 86.600 | 87.602 |
| Önnur rekstrargjöld..... | 31.100 | 31.100 | 25.838 |
| Sértekjur..... | (118.800) | (119.900) | (119.019) |
| Samtals | (2.200) | (2.200) | (5.579) |
| Eignakaup..... | 4.900 | 4.900 | 2.376 |
| Alls | 2.700 | 2.700 | (3.204) |

Sundurliðanir

1. Tekjur

Tekjur hækka um tæplega 6 millj. kr. milli ára, eða sem nemur 5,3%. Mestur hluti tekna myndast af útseldri þjónustu starfsmanna sem fólgin er í verkefnastjórnun fyrir opinberar framkvæmdir. Hér eru einnig flokkaðar tekjur af sölu ljósrita, útseldum akstri o.fl. Kaupendur þjónustunnar eru einkum ráðuneyti og stofnanir þeirra, en einnig sveitarfélög. Þá fær stofnunin greidda þóknun sem nemur 0,4% af veltufjárhæð verka. Framkvæmdasýslan fékk greiddar 5.927 þús. kr. sem afskrifaðar höfðu verið á síðasta ári og er fjárhæðin færð meðal annarra tekna.

| | 2005 | 2004 |
|-------------------------------|--------------------|--------------------|
| Útseld þjónusta | 104.413.161 | 98.611.200 |
| Þóknun vegna framkvæmda | 7.726.396 | 10.518.712 |
| Aðrar tekjur | 6.879.240 | 3.917.722 |
| | <u>119.018.797</u> | <u>113.047.634</u> |

2. Laun og launatengd gjöld

Útgjöld vegna launa og launatengdra gjalda hækkuðu um 2,9 millj. kr. milli ára, eða sem nemur 3,5%. Laun hækkuðu í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru í febrúar 2005. Á hinn bóginn fækkaði ársverkum úr 16,5 í 15,6 eða um 5,6%. Á árinu voru greiddir 2.488 yfirvinnutímar, en 3.418 árið áður og nemur fækkunin 27,2%. Lækkunin skýrist af fækkun starfsmanna og minni þörf fyrir yfirvinnu. Áfallið orlof er ekki fært í ársreikninginn.

| | | |
|------------------------|-------------------|-------------------|
| Dagvinnulaun | 58.965.535 | 56.182.949 |
| Yfirvinna | 13.251.568 | 13.971.185 |
| Ræsting | 863.130 | 795.388 |
| Launatengd gjöld | 14.521.637 | 13.715.260 |
| | <u>87.601.870</u> | <u>84.664.782</u> |

Skýringar með ársreikningi

3. Rekstur skrifstofu

Lækkun á almennum rekstrarkostnaði skrifstofu milli ára nam ríflega 1,2 millj. kr. eða 5,2%. Kostnaðarlækkun ritfanga skýrist af breyttri notkun bókhaldslykils milli ára. Rekstur tölvukerfa hækkar vegna hugbúnaðargerðar. Stofnunin er til húsa að Borgartúni 7A og er húsnæðið leigt af Fasteignum ríkissjóðs. Húsnæðiskostnaður lækkaði um 0,5 millj. kr. milli ára vegna breytinga sem lokið var við árið 2004. Starfsmenn nota eigin bifreiðir í þágu stofnunarinnar og fá verkefnisstjórar og stjórnendur greitt samkvæmt aksturssamningum. Gjöld vegna aksturs lækka um 0,3 m.kr. milli ára vegna fækkunar starfsmanna. Á árinu 2005 var haldinn fundur með norrænum systurstofnunum á Íslandi og hækkaði því funda- og risnukostnaður milli ára. Aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkaði um 0,9 millj. kr. milli ára einkum vegna minni kostnaðar við mannaáráðningar.

| | 2005 | 2004 |
|--|-------------------|-------------------|
| Ritföng, bækur, tímarit og blöð | 998.509 | 2.092.616 |
| Rekstur tölvukerfa og skrifstofu | 4.926.565 | 4.538.908 |
| Húsaleiga og annar kostn. vegna húsnæðis | 3.329.602 | 3.859.651 |
| Sími, póstburðargjöld o.fl. | 2.473.965 | 2.401.017 |
| Fundir, styrkir, námskeið matur og risna | 4.093.752 | 3.114.010 |
| Akstur | 1.989.151 | 2.305.794 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 3.106.950 | 3.978.361 |
| Hlutdeild í sameiginlegri þjónustu | 1.507.981 | 1.372.579 |
| | <u>22.426.475</u> | <u>23.662.936</u> |

4. Rekstur bifreiða

Rekstrarkostnaðurinn hækkaði um tæplega 0,1 millj. kr. milli ára eða um 16,1%. Stofnunin er með eina bifreið á rekstrarleigusamningi. Á árinu var ný bifreið tekin á leigu sem var dýrari en eldri bifreið og skýrir það hækkun rekstrarleigu. Lækkun á kostnaði við tryggingar skýrist af leiðréttri ábyrgðartryggingu á árinu 2004.

| | | |
|------------------------------------|----------------|----------------|
| Rekstrarleiga bifreiða | 545.344 | 452.507 |
| Bensín | 96.489 | 102.552 |
| Bifreiðaverkstæði og þvottur | 21.050 | 32.386 |
| Bifreiðatryggingar | 122.261 | 80.133 |
| Skattar | 21.358 | 27.001 |
| | <u>806.502</u> | <u>694.579</u> |

5. Ferðakostnaður

Ferðakostnaður hækkaði um 1,1 millj. kr. milli ára eða 78,7%, sem skýrist aðallega af ferðakostnaði erlendis. Utanlandsferðir eru vegna norræns samstarfs, endurmenntunar og verkefna sem stofnunin sér um erlendis. Ferðir og dagpeningar innanlands eru vegna verkefnastjórnunar FSR.

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Fargjöld innanlands | 134.100 | 83.580 |
| Fargjöld erlendis | 1.054.512 | 324.220 |
| Dagpeningar og dvalarkostnaður innanlands | 370.750 | 342.250 |
| Dagpeningar og dvalarkostnaður erlendis | 1.045.248 | 707.604 |
| | <u>2.604.610</u> | <u>1.457.654</u> |

Skýringar með ársreikningi

6. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 0,2 millj. kr. milli ára eða um 9% kr. Eins og árið áður felast þau aðallega í endurnýjun tölvubúnaðar.

| | 2005 | 2004 |
|--------------------------------|------------------|------------------|
| Tölvubúnaður | 2.118.516 | 1.510.083 |
| Símabúnaður | 77.959 | 124.998 |
| Húsgögn | 115.750 | 470.433 |
| Áhöld og skrifstofuvélar | 63.495 | 515.759 |
| | <u>2.375.720</u> | <u>2.621.273</u> |

7. Skuldunautar og lánadrottinnar vegna byggingareikninga

| | | |
|---|-----------------------|-----------------------|
| Æðsta stjórn ríkisins | 8.928.454 | 1.932.859 |
| Forsætisráðuneyti | 730.170 | (8.160.142) |
| Menntamálaráðuneyti | 30.701.681 | 59.873.056 |
| Utanríkisráðuneyti | 11.083.268 | (418.808) |
| Landbúnaðarráðuneyti | 0 | 2.475.733 |
| Dómsmálaráðuneyti..... | (6.739.136) | 6.694.754 |
| Félagsmálaráðuneyti..... | 14.612.259 | 22.594.295 |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti..... | (206.421.912) | (172.928.460) |
| Fjármálaráðuneyti..... | (8.527.532) | (2.655.303) |
| Samgönguráðuneyti..... | (342.268) | (1.966.915) |
| Iðnaðarráðuneyti..... | (2.080.771) | (40.755) |
| Viðskiptaráðuneyti..... | 208.393 | 1.855.649 |
| Umhverfisráðuneyti..... | 7.000 | 474.390 |
| Aðrar A hluta stofnanir..... | 8.670.972 | 2.125.881 |
| Sveitarfélög v/heilbrigðisframkvæmda | 974.867 | (2.368.767) |
| Sveitarfélög v/snjóflóðavarna | 442.734 | 1.255.600 |
| | <u>(147.751.821)</u> | <u>(89.256.933)</u> |
| Skuldunautar | 76.359.798 | 99.282.217 |
| Lánadrottinnar | <u>(224.111.619)</u> | <u>(188.539.150)</u> |
| | <u>(147.751.821)</u> | <u>(89.256.933)</u> |

8. Ríkissjóður

Viðskiptareikningur þessi sýnir mismun á framlögum ríkissjóðs til stofnunarinnar og greiðslna til hennar. Greiðslustaða Framkvæmdasýslunnar gagnvart ríkissjóði er neikvæð um 2,1 millj. kr. í árslok, en hefur batnað um 3,2 millj. kr. milli ára.

| | |
|------------------------------|---------------------|
| Staða 1. janúar | (5.327.678) |
| Ríkisframlag..... | 2.700.000 |
| Greiðslur úr ríkissjóði..... | 461.793 |
| | <u>(2.165.885)</u> |

Skýringar með ársreikningi

9. Eigið fé

Höfuðstóll sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum í lok uppgjörsársins. Í lok ársins nemur ónotuð fjárheimild ríflega 15,5 millj. kr. og hefur hækkað um 5,9 millj. kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

| | |
|------------------------------|-------------------|
| Höfuðstóll í ársbyrjun | 9.600.538 |
| Ríkisframlag..... | 2.700.000 |
| Tekjuafgangur..... | 3.203.620 |
| | <u>15.504.158</u> |

10. Lánadrottnar

| Lánadrottnar sundurliðast á eftirfarandi hátt: | 2005 | 2004 |
|--|--------------------|--------------------|
| Byggingareikningar, sjá skýringu 7..... | 224.111.619 | 188.539.150 |
| Skuldir við birgja..... | 162.888.722 | 109.063.169 |
| Ógreiddur kostnaður..... | 2.210.000 | 163.018 |
| | <u>389.210.341</u> | <u>297.765.337</u> |

11. Skuldbindingar

Vegagerð ríkisins annast rekstur og hýsingu tölvukerfa í samræmi við samning þar um. Þá er í gildi ótímasettur rekstrarþjónustusamningur við rekstraraðila litaprentara. Rekstrarleigusamningur við Glitni hf. um bifreið gildir til 15.09.2009. Greiðslur vegna hans koma fram í skýringu 4. Þjónustusamningur er við Focal groupware um Focal starfsmannakerfi og húsaleigusamningur við Fasteignir ríkissjóðs. Þá hefur stofnunin gert þjónustusamninga vegna tölvukerfa við Landsteina-Streng vegna bókhaldskerfis NF, Hugvit vegna GoPro, hópvinnu- og skjalavistunarkerfis og við Anza vegna hýsingu á heimasíðu.

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs

| | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 |
|--------------------------|----------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------------|
| Rekstur | | | | | |
| Rekstrartekjur..... | 119.019 | 113.048 | 108.418 | 115.132 | 106.902 |
| Rekstrargjöld..... | (113.439) | (122.498) | (110.847) | (116.345) | (123.316) |
| Eignakaup..... | (2.376) | (2.621) | (2.965) | (3.107) | (4.342) |
| Halli fyrir ríkisframlag | 3.204 | (12.071) | (5.394) | (4.320) | (20.756) |
| Ríkisframlag | 2.700 | 2.700 | 2.700 | 2.700 | 2.600 |
| Tekjuafgangur ársins | <u>5.904</u> | <u>(9.371)</u> | <u>(2.694)</u> | <u>(1.620)</u> | <u>(18.156)</u> |
| Efnahagur | | | | | |
| Veltufjármunir..... | 406.880 | 312.694 | 308.724 | 261.653 | 408.987 |
| Eignir alls | 406.880 | 312.694 | 308.724 | 261.653 | 408.987 |
| Höfuðstóll | 15.504 | 9.601 | 18.972 | 21.665 | 23.285 |
| Skammtímaskuldir | 391.376 | 303.093 | 289.753 | 239.988 | 385.701 |
| Eigið fé og skuldir alls | <u>406.880</u> | <u>312.694</u> | <u>308.724</u> | <u>261.653</u> | <u>408.987</u> |